

Knattspyrnudeild KR  
Ársreikningur  
2019

Knattspyrnudeild KR  
Frotaskjóli 2  
107 Reykjavík

Kt. 591184-0169

# Efnisyfirlit

---

|  |   |
|--|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ..... | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda .....                     | 4 |
| Rekstrarreikningur .....                             | 6 |
| Efnahagsreikningur .....                             | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit .....                            | 8 |
| Skýringar .....                                      | 9 |
| Fylgiskjal með ársreikningi:<br>Áætlun ársins 2020   |   |

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Tilgangur Knattspyrnudeildar KR er rekstur meistaraflokka og yngri flokka KR í knattspyrnu, kaup og sala leikmanna, auglýsinga- og kynningarstarf, minjagripasala, sjónvarpsstarfsemi og ýmislegt annað sem tengist rekstri knattspyrnudeildar. Markmið félagsins er að búa til hæfileikaríkt knattspyrnufólk fyrir meistaraflokka félagsins í karla- og kvennaflokki.


Hagnaður ársins 2019 nam 1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Rekstrartekjur á árinu 2019 námu 303 millj. kr. Eigið fé félagsins í árslok nam 2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Stjórnin leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs en vísað er til ársreikningsins varðandi aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

### Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjóra


Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2019 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2019.

Stjórn og framkvæmdastjóri Knattspyrnudeildar KR hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2019 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.


Reykjavík, 18/2 2020



Sigríður Dagný




Kristinn J. Magnússon



Magnús Þorlákur Lúðvíksson

Framkvæmdastjóri:



# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og félagsmanna í Knattspyrnudeild KR

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Knattspyrnudeildar KR fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðsteymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda* á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

## **Ábyrgð endurskoðanda, frh.:**

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

## **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 18. febrúar 2020

**KPMG ehf.**



## Rekstrarreikningur ársins 2019

|   | Skýr.     | Raun<br>2019        | Áætlun<br>2019      | Raun<br>2018        |
|---|-----------|---------------------|---------------------|---------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>   |           |                     |                     |                     |
| Miðasala .....  |           | 19.548.129          | 11.000.000          | 12.803.980          |
| Auglýsingar og samstarfsaðilar .....                          |           | 54.326.559          | 76.998.000          | 79.325.751          |
| Útsendingarréttur .....                                       |           | 14.769.063          | 13.000.000          | 12.787.084          |
| Félagaskipti .....  |           | 3.063.555           | 1.000.000           | 37.459.785          |
| Söluvarningur og veitingar .....                              |           | 10.597.687          | 9.250.000           | 8.050.862           |
| Aðrar rekstrartekjur .....                                    | 7         | 200.247.339         | 124.300.000         | 116.345.536         |
|   |           | <u>302.552.332</u>  | <u>235.548.000</u>  | <u>266.772.998</u>  |
| <b>Rekstrargjöld</b>  |           |                     |                     |                     |
| Vörunotkun .....  |           | 3.456.809           | 7.850.000           | 2.602.862           |
| Laun og launatengd gjöld .....                                | 8         | 134.372.899         | 119.155.500         | 129.510.463         |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður .....                       |           | 8.827.862           | 7.500.000           | 8.499.607           |
| Annar rekstrarkostnaður .....                                 | 9         | 147.193.512         | 95.917.500          | 124.309.816         |
| Afskriftir og niðurfærsla .....                               | 11        | 1.387.004           | 550.000             | 1.263.389           |
|   |           | <u>295.238.086</u>  | <u>230.973.000</u>  | <u>266.186.137</u>  |
| Rekstrarhagnaður án fjármunatekna<br>og fjármagnsgjalda ..... |           | 7.314.246           | 4.575.000           | 586.861             |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>                     |           |                     |                     |                     |
| Vaxtatekjur, gengismunur .....                                |           | 35.714              | 40.000              | 309.664             |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....                    | 2         | ( 6.500.949)        | ( 3.685.000)        | ( 2.678.284)        |
|   |           | <u>( 6.465.235)</u> | <u>( 3.645.000)</u> | <u>( 2.368.620)</u> |
| <b>Hagnaður (tap) ársins .....</b>                            | <b>13</b> | <u>849.011</u>      | <u>930.000</u>      | <u>( 1.781.759)</u> |

# Efnahagsreikningur

| <b>Eignir</b>                                    |      | <b>Skýr.</b> | <b>2019</b>        | <b>2018</b>       |
|--|------|--------------|--------------------|-------------------|
| <b>Fastafjármunir</b>                            |      |              |                    |                   |
| Leikmannasamningar .....                         | 3,10 |              | 9.188.322          | 4.633.334         |
| Rekstrarfjármunir .....                          | 4,11 |              | 4.251.735          | 4.752.425         |
| Eignarhlutir í félögum .....                     | 5,12 |              | 1.750.000          | 1.750.000         |
| Fastafjármunir samtals                           |      |              | <u>15.190.057</u>  | <u>11.135.759</u> |
| <b>Veltufjármunir</b>                            |      |              |                    |                   |
| Birgðir .....                                    |      |              | 467.428            | 585.276           |
| Kröfur á tengda aðila .....                      |      |              | 142.378            | 124.878           |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....   |      |              | 114.727.426        | 66.518.825        |
| Handbært fé .....                                | 6    |              | 255.234            | 315.472           |
| Veltufjármunir samtals                           |      |              | <u>115.592.466</u> | <u>67.544.451</u> |
| <b>Eignir samtals</b>                            |      |              | <u>130.782.523</u> | <u>78.680.210</u> |
| <b>Eigið fé</b>                                  |      |              |                    |                   |
| Endurmatsreikningur .....                        |      |              | 2.695.834          | 2.495.834         |
| (Ójafnað) óráðstafað eigið fé .....              |      |              | ( 517.987)         | ( 1.366.998)      |
| Eigið fé samtals                                 | 13   |              | <u>2.177.847</u>   | <u>1.128.836</u>  |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                          |      |              |                    |                   |
| Skuldir við lánastofnanir .....                  |      |              | 88.235.135         | 29.681.085        |
| Aðalstjórn KR .....                              |      |              | 7.041.687          | 12.400.258        |
| Skuldir við tengda aðila .....                   |      |              | 6.404.052          | 4.942.434         |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir ..... |      |              | 26.923.802         | 30.527.597        |
| Skuldir samtals                                  |      |              | <u>128.604.676</u> | <u>77.551.374</u> |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>               |      |              | <u>130.782.523</u> | <u>78.680.210</u> |
| <b>Veðsetningar og ábyrgðir</b>                  | 14   |              |                    |                   |

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2019

|  | Skýr. | 2019         | 2018          |
|--|-------|--------------|---------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                        |       |              |               |
| Hagnaður (tap) ársins .....                      |       | 849.011      | ( 1.781.759)  |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: |       |              |               |
| Söluhagnaður leikmanna .....                     | (     | 3.063.555)   | ( 37.459.785) |
| Afskriftir og niðurfærsla .....                  |       | 1.387.004    | 1.263.389     |
| Hrein fjármagnsgjöld (fjármunatekjur) .....      |       | 6.465.235    | 2.368.620     |
|  |       | 5.637.695    | ( 35.609.535) |
| <br>   |       |              |               |
| Skammtímakröfur, breyting .....                  | (     | 48.108.253)  | ( 55.355.098) |
| Skammtímaskuldir, breyting .....                 | (     | 3.603.795)   | 3.412.783     |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum   | (     | 51.712.048)  | ( 51.942.315) |
| <br>   |       |              |               |
| Innborgaðar vaxtatekjur .....                    |       | 35.714       | 309.664       |
| Greiddir vextir .....                            | (     | 6.500.949)   | ( 2.678.284)  |
| Handbært fé (til) frá rekstri                    | (     | 52.539.588)  | ( 89.920.470) |
| <br>   |       |              |               |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                   |       |              |               |
| Söluverð leikmanna .....                         | 10    | 3.063.555    | 37.859.785    |
| Kaupverð leikmanna .....                         | 10    | ( 5.241.302) | 0             |
| Fjárfestingarhreyfingar                          |       | ( 2.177.747) | 37.859.785    |
| <br>   |       |              |               |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                    |       |              |               |
| Tengdir aðilar, breyting .....                   |       | ( 3.896.953) | 9.689.891     |
| Skammtímalán, breyting .....                     |       | 58.554.050   | 29.681.085    |
| Fjármögnunarhreyfingar                           |       | 54.657.097   | 39.370.976    |
| <br>   |       |              |               |
| <b>Lækkun á handbæru fé</b> .....                |       | ( 60.238)    | ( 12.689.709) |
| <br>   |       |              |               |
| <b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....             |       | 315.472      | 13.005.181    |
| <br>   |       |              |               |
| <b>Handbært fé í árslok</b> .....                | 6     | 255.234      | 315.472       |



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 2. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### 3. Óefnislegar eignir

Félagið eignfærir leikmannasamninga sína í samræmi við reglur og staðla KSÍ. Endurmat samninga er fært á endurmatsreikning meðal eigin fjár sbr. skýr. nr. 10.

### 4. Rekstrarfjármunir

Fasteignir eru eignfærðar á fasteignamati. Aðrir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

### 5. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kaupverði.

### 6. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### 7. Aðrar rekstrartekjur

|  | 2019               | 2018               |
|--|--------------------|--------------------|
| Evrópukeppni UEFA .....                        | 107.698.917        | 30.320.241         |
| Samningsgreiðslur, framlög sveitarfélaga ..... | 17.630.000         | 17.120.000         |
| UEFA framlag til barna og unglingastarfs ..... | 5.115.933          | 5.369.150          |
| Styrkir og framlög .....                       | 10.982.290         | 8.345.441          |
| Æfingagjöld yngri flokka .....                 | 47.690.072         | 41.994.242         |
| Áhugamanna og unglingakeppnir .....            | 1.803.917          | 5.703.425          |
| Verðlaunafé .....                              | 2.600.000          | 737.500            |
| Aðrar tekjur .....                             | 6.726.210          | 6.755.537          |
| Samtals aðrar rekstrartekjur .....             | <u>200.247.339</u> | <u>116.345.536</u> |

### 8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

|  |                    |                    |
|--|--------------------|--------------------|
| Laun .....                             | 14.476.591         | 15.943.801         |
| Launatengd gjöld .....                 | 3.288.157          | 2.759.740          |
| Verktakalaun .....                     | 116.608.151        | 110.806.922        |
| Samtals laun og launatengd gjöld ..... | <u>134.372.899</u> | <u>129.510.463</u> |
| Stöðugildi að meðaltali .....          | 4                  | 4                  |

## Skýringar, frh.:

### 9. Annar rekstrarkostnaður

| Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:            | 2019               | 2018               |
|---|--------------------|--------------------|
| Ferðakostnaður, æfingabúðir og hótélkostnaður ..... | 10.665.206         | 5.295.334          |
| Annað vegna kappleikja .....                        | 6.677.846          | 4.223.861          |
| Félagaskipti leikmanna .....                        | 50.000             | 3.982.700          |
| Greiðslur til umboðsmanna .....                     | 2.566.840          | 1.299.268          |
| Annað s.s. kostnaður v/ erl. leikmanna .....        | 13.037.214         | 12.594.092         |
| Kostnaður vegna áhugamanna- og unglíngakeppna ..... | 41.110.531         | 29.825.395         |
| Auglýsingar .....                                   | 960.765            | 744.831            |
| Leigugjöld .....                                    | 17.630.000         | 17.120.000         |
| Rekstur bifreiða .....                              | 11.100.009         | 9.151.267          |
| Annar kostnaður .....                               | 33.752.485         | 34.159.769         |
| Samtals annar rekstrarkostnaður .....               | <u>137.550.896</u> | <u>118.396.517</u> |

### 10. Óefnislegar eignir

Leikmannasamningar greinast þannig:

|   |                  |                  |
|---|------------------|------------------|
| Kostnaðarverð 1.1. ....   | 2.137.500        | 3.237.499        |
| Keyptir leikmenn á árinu .....                                      | 5.241.302        | 0                |
| Seldir leikmenn á árinu .....                                       | 0                | ( 400.000)       |
| Afskiftir á árinu .....   | ( 886.314)       | ( 699.999)       |
| Kostnaðarverð 31.12 .....   | <u>6.492.488</u> | <u>2.137.500</u> |
| Endurmat 1.1. ....  | 2.495.834        | 1.995.834        |
| Matshækkun leikmanna á árinu skv. KSÍ staðli, fært á endurmat ..... | 200.000          | 500.000          |
| Endurmat 31.12 .....  | <u>2.695.834</u> | <u>2.495.834</u> |
| Bókfært verð 31.12 .....  | <u>9.188.322</u> | <u>4.633.334</u> |

### 11. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

|  | Áhöld og<br>innréttingar | Bifreiðar        | Samtals          |
|--|--------------------------|------------------|------------------|
| Heildarverð 1.1. 2019.....                               | 12.900.000               | 1.516.776        | 14.416.776       |
| Afskrifað áður .....                                     | ( 8.465.666)             | ( 1.198.685)     | ( 9.664.351)     |
| Bókfært verð 1.1.2019.....                               | 4.434.334                | 318.091          | 4.752.425        |
| Afskrifað á árinu .....                                  | ( 386.177)               | ( 114.513)       | ( 500.690)       |
| Bókfært verð 31.12.2019.....                             | <u>4.048.157</u>         | <u>203.578</u>   | <u>4.251.735</u> |
| Heildarverð 31.12.2019.....                              | 12.900.000               | 1.516.776        | 14.416.776       |
| Afskrifað samtals 31.12.2019.....                        | ( 8.851.843)             | ( 1.198.685)     | ( 10.050.528)    |
| Bókfært verð 31.12.2019.....                             | <u>4.048.157</u>         | <u>318.091</u>   | <u>4.366.248</u> |
| Afskriftahlutföll.....                                   | 10%                      | 20%              |                  |
|  |                          | <b>2019</b>      | <b>2018</b>      |
| Afskriftir óefnislegar eignir samkvæmt skýringu 10 ..... |                          | 886.314          | 699.999          |
| Afskriftir rekstrarfjármuna samkvæmt skýringu 11 .....   |                          | 500.690          | 563.390          |
| Afskriftir og niðurfærsla í rekstrarreikningi alls ..... |                          | <u>1.387.004</u> | <u>1.263.389</u> |

## Skýringar, frh.:

---

### 12. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

|                        | Nafnverð         | Bókfært verð     |
|------------------------|------------------|------------------|
| KR-flugeldar ehf. .... | 500.000          | 500.000          |
| KR-Sport hf. ....      | 1.250.000        | 1.250.000        |
|                        | <u>1.750.000</u> | <u>1.750.000</u> |

### 13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

|                              | Endurmats-<br>reikningur | Ójafnað<br>eigið fé | Samtals          |
|------------------------------|--------------------------|---------------------|------------------|
| Eigið fé 1.1.2019 .....      | 2.495.834 (              | 1.366.998)          | 1.128.836        |
| Matsbreyting leikmanna ..... | 200.000                  |                     | 200.000          |
| Hagnaður ársins .....        |                          | 849.011             | 849.011          |
| Eigið fé 31.12.2019 .....    | <u>2.695.834</u> (       | <u>517.987)</u>     | <u>2.177.847</u> |

# Rekstraráætlun ársins 2020

---

|  | <b>Áætlun<br/>2020</b> |
|--|------------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>                                      |                        |
| Miðasala .....   | 15.000.000             |
| Auglýsingar og samstarfsaðilar .....                       | 77.500.000             |
| Útsendingarréttur .....                                    | 16.000.000             |
| Félagaskipti .....   | 6.000.000              |
| Söluvarningur og veitingar .....                           | 12.500.000             |
| Aðrar rekstrartekjur .....                                 | 140.970.000            |
|  | <u>267.970.000</u>     |
| <b>Rekstrargjöld</b>                                       |                        |
| Vörunotkun .....   | 8.000.000              |
| Laun og launatengd gjöld .....                             | 131.980.500            |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....                   | 7.520.000              |
| Annar rekstrarkostnaður .....                              | 112.389.500            |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna .....               | 550.000                |
|  | <u>260.440.000</u>     |
| Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda ..... | 7.530.000              |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>                  |                        |
| Vaxtatekjur, gengismunur .....                             | 40.000                 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....                 | ( 7.065.000)           |
|  | <u>( 7.025.000)</u>    |
| <b>Hagnaður ársins</b> .....                               | <u>505.000</u>         |

---